

Háskólafundur 13. nóvember 2015 í stofu N 101 kl. 14:30 – 16:00

Fundarstjóri: Eyjólfur Guðmundsson rektor

Dagskrá:

- 1) Framsaga rektors um stefnumótun HA og fagleg málefni innan háskólans
- 2) Önnur mál

Háskólafundur er haldinn skv. 9. og 10. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Einnig 11 gr. reglna fyrir HA nr. 387/2009, og samkvæmt reglum um háskólafund HA nr. 389/2009.

Um skipan háskólaráðs, sjá 5. og 6. gr. laga nr. 85/2008 og 3. gr. reglna nr. 387/2009.

Viðstaddir:

Rektor	Eyjólfur Guðmundsson
Forseti heilbrigðisvísindasviðs	Árún Kr. Sigurðardóttir
Forseti viðskipta- og raunvísindasviðs	Ögmundur Knútsson
Forseti hug- og félagsvísindasviðs	Sigrún Stefánsdóttir
Framkvæmdastjóri	Ólafur Halldórsson
Forstöðumaður nemendaskrár	Stefán Jóhannsson
Náms- og starfsráðgjafi	Solveig Hrafnadóttir
Gæðastjóri	Sigrún Magnúsdóttir
Forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu	Astrid M. Magnúsdóttir
Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs	Kristín Ágústsdóttir
Forstöðumaður RHA	Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir
Forstöðumaður fjármála	Úlfar Hauksson
Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs	Anna Elísa Hreiðarsdóttir
---“---	Sigríður Margrét Sigurðardóttir
---“---	Birna María Sveinbjörnsdóttir
Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs	Bergljót Borg
---“---	Sigfríður Inga Karlsdóttir
Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs	Guðmundur Kr. Óskarsson
---“---	Hreiðar Þór Valtýsson
---“---	Rannveig Björnsdóttir
---“---	Steingrímur Jónsson
Fulltrúi Félags prófessora við HA	Grétar Þór Eypórsson
Fulltrúi stjórnar FHA	Þorlákur Axel Jónsson
Fulltrúi starfsfólks við stjórnarsýslu	Rúnar Gunnarsson
---“---	Ása Guðmundardóttir
Fulltrúi Félags stúdenta við HA	Berglind Ósk Guðmundsdóttir
---“---	Birgir Marteinnsson
---“---	Sóldís Guðbjörg Ólafsdóttir
---“---	Logi Úlfarsson
---“---	Friðrik Már Ævarsson

Rektor setti fundinn, bauð fulltrúa velkomna. Hann skipaði Stefán B. Sigurðsson prófessor ritara fundarins.

Rektor minnti alla á að fundurinn sé hugsaður sem samráðsvettvangur fyrir þá sem koma að stjórnarsýslu og kennslu og benti á að yfirskrift fundarins væri „Hvert stefnum við“. Hann fór yfir helstu hlutverk háskólafundar og ræddi þá framtíðarhugmynd að háskólafundur hefði

form þjóðfundar. Engar tillögur höfðu borist að þessu sinni frá fulltrúum fundarins til umræðu.

Rektor fór yfir stöðu háskólans hvað varðar samstarf við aðra háskóla, nemendafjölda, stöðu umsóknar um doktorsnám og þann fjárhagsramma sem skólinn býr við. Hann minnti á að HA væri þriðji stærsti háskóli landsins en nyti ekki sannmælis sem slíkur. Í nýrri stefnu skólans þurfi að skilgreina vel hlutverk hans og hlutskipti í alþjóðlegu háskólaumhverfi. Það þurfi að hafa hraðar hendur í slíkri vinnu og vinna markvisst þar eð búast megi við nýrri stefnumótun af hálfu ráðuneytisins á þessu ári.

Rektor lagði fram þrjár spurningar til fundarmanna varðandi stöðu háskólans árið 2023. Vildi hann að fundarmenn ræddu þær sín á milli og kæmu með tillögur. Spurningarnar voru: 1) Háskólinn á Akureyri er 2500 nemenda skóli sem hefur dýpkað þekkingu sína og sérstöðu á núverandi fræðasviðum ásamt því að hafa tekið upp kennslu og rannsóknir í tæknifræði og tölvunarfræði“?, 2) Sameiningar háskóla?, 3) Fjárframlög til háskóla – Ályktun frá Háskólafundi?

Fór rektor yfir bakgrunn fyrstu spurningarinnar og spunnust þó nokkrar umræður varðandi ýmis atriði sem þar komu fram. Skiptu fundarmenn sér síðan í nokkra hópa og ræddu spurningarnar og gerðu hóparnir síðan grein fyrir helstu atriðunum sem upp komu. Þar komu fram m.a. hugleiðingar um töluna 2500, hversu bindandi hún eigi að vera með tilliti til stærðar skólabygginga og fjölda fjarnema, áhersla verði lögð á gæði fremur en fjölda, gæta þurfi þess að halda sérstöðu skólans hvað varðar persónulega nálgun og leggja þurfi áherslu á að fjölga karlnemendum við skólann. Því mætti ná með því að fjölga námskeiðum með tækniáherslu og jafnvel flétta þau inn í núverandi námsleiðir. Einnig að fjölga þurfi námskeiðum sem kennd séu á ensku. Hvað varðar dýpkun þekkingar þá næðist það einkum með upptöku doktorsnáms við skólann. Rætt var um stöðu sveigjanlegs náms og hvernig bæri að taka tillit til íslenskra aðstæðna og hvernig staða íslenskra sérfræðinga sem væru menntaðir við HA væri þá.

Rektor fór yfir sameiginlega rannsóknarstefnu skólans og þá einkum virkni í alþjóðlegum rannsóknum og hvort hagnýta eigi þær í nærumhverfinu, einnig umsóknir til Rannís og hvort skólinn eigi að sérhæfa sig á ákveðnum sviðum rannsókna. Var þetta einnig rætt í hópum. Var þar einkum rætt um hlutverk „stóra bróður“ og akademískt frelsi, hvort þetta gæti farið saman. Sýndist sitt hverjum en flestir þó sammála um að það þurfi að hafa ákveðna stjórn á hvernig rannsóknir við skólann þróast. Það séu stóru og öflugtu rannsóknarteymin sem fái styrki og það efli einnig þverfaglegt samstarf.

Rektor fór yfir mismunandi umhverfi hinna sjö háskóla sem starfa hér á landi. Þar þurfi skólarnir sjálfir að móta kerfið en ekki láta stýra sér um of.

Eftir nokkra umræðu ákvað rektor að fresta fundi. Framhaldsfundur yrði boðaður innan tíðar.

Framhaldsháskólafundur 15. desember 2015 í stofu M 201 kl. 14-16

Á fundinn voru boðaðir ráðgjafar frá Capacent sem voru um þær mundir að vinna með yfirstjórn skólans að stefnumótun til næstu ára.

Rektor rifjaði upp starfið á fyrri hluta fundarins og ítrekaði að vinna þurfi markvisst að nýrri stefnu skólans þannig að hún liggi fyrir þegar ráðuneytið kemur fram með sínar áherslur.

Rektor fór yfir fjárframlög til háskóla og þá einkum HA. Þar hafi skólinn verið skilinn út undan. Lagði hann fram eftirfarandi ályktun sem var samþykkt samhljóða.

Háskólafundar Háskólans á Akureyri, haldinn 13. nóvember 2015, ályktar eftirfarandi:

Háskólinn á Akureyri hefur gengið í gegnum mikinn fjárhagslegan niðurskurð allt frá árinu 2007. Niðurskurður í kjölfar hruns árið 2008 kom því enn verr við HA en aðrar sambærilegar menntastofnanir og gerði það að verkum að deildum og námsleiðum var lokað ásamt því að skorin var niður þjónusta á öllum sviðum skólans, rannsóknamisseri voru afnumin tímabundið og endurnýjun búnaðar hefur verið í lágmarki.

Á sama tíma hefur HA tekist að ná jafnvægi í rekstri sínum og standast allar gæðakröfur sem gerðar hafa verið til stofnunarinnar af hálfu Gæðaráðs háskólanna og uppfyllt öll skilyrði í samningi á milli HA og menntamálaráðuneytisins. Háskólinn hefur staðið við sitt!

Þessi mikli niðurskurður hefur því miður ekki verið öllum ljós – sérstaklega í ljósi þess að skólanum hefur tekist, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, að halda sig innan ramma fjárlaga.

Nú er hinsvegar komið að þolmörkum stofnunarinnar og starfsmönnum þess. Ójafnræðið í fjárveitingum til háskóla haustið 2014, þegar ríkisstjórnin veitti sérstaklega auknu fjármagni inni Háskólanna, var í hróplegu ósamræmi við þann árangur sem Háskólinn á Akureyri hefur náð og umfang rekstrarins eins og hann er í dag.

Háskólafundur hvetur háskólaráð Háskólans á Akureyri til þess að leita leiðréttingar á því ójafnræði sem myndaðist síðastliðið haust jafnframt því sem barist verði áfram fyrir því að íslensk stjórnvöld standi við fyrirheit úr stefnumótun Vísinda og Tækniráðs um aukið framlag á hvern nemanda þannig að unnt sé að ná að minnsta kosti meðaltali annarra OECD ríkja á árinu 2016.

Gestir fundarins frá Capacent (Þór Clausen og Gunnar Haugen) kynntu verkefni sem þær ætluðu að leggja fyrir fundinn. Fundarmönnum var skipt í hópa og fékk hver hópur það verkefni að skoða 11 mismunandi blaðafyrirsagnir sem myndu birtast árið 2023. Hver hópur átti að velja þá fyrirsögn sem þeim hugnaðist best og koma með 5 rök fyrir valinu.

Fyrirsagnirnar voru eftirfarandi:

Útskrifaðist úr HA – réði 150 manns til starfa í fyrirtæki sem hann stofnaði

HA með metaðsókn í tækni- og tölvunarfræði

Karlar 25% hjúkrunarfræðinema í HA

HA fær 100 m frá erlendum rannsóknarsjóði

HA festir sig í sessi sem háskóli landsbyggðarinnar

Tímamótaniðurstöður í rannsóknum í samstarfi við fyrirtæki á norðurlandi

HA fær leyfi til doktorsnáms

Aldrei fleiri nemendur í doktorsnámi en nú
HA festir sig í sessi sem háskóli norðursins
Viðskiptafræði – öflug tengsl við atvinnulífið
Kjölfesta í samfélaginu – HA uppspretta nýsköpunar og verðmætaaukningar á svæðinu.

Þær fyrirsagnir sem hóparnir völdu voru:

Kjölfesta í samfélaginu - HA uppspretta nýsköpunar og verðmætaaukningar á svæðinu.
Karlur 25% hjúkrunarfræðinema í HA
Tímamótaniðurstöður í rannsóknum í samstarfi við fyrirtæki á norðurlandi

Rökin sem hóparnir komu með fyrir vali fyrirsagnanna voru eftirfarandi. Hver fundarmaður fékk 5 atkvæði sem hann var beðinn að dreifa á þau rök sem honum þótti best og er niðurstaðan sýnd innan sviga.

Kjölfesta í samfélaginu - HA uppspretta nýsköpunar og verðmætaaukningar á svæðinu.

Vísar til velgengni skólans í heild (1)
Eftirsóttur staður til náms og starfa (6)
Þverfagleg tengsl og nýbreytni - við atvinnulífið (1)
Eftirsóknarvert markmið (1)
Staðfesting á góðum og hagnýtum rannsóknum við HA (6)

Markmið sem nær þvert á skólann (3)
HA hafi víðtækari/sýnilegri áhrif á svæðinu (1)
HA sé með virkum hætti að vinna að fjölbreyttari og hreyfanlegri atvinnumöguleikum á svæðinu – spyrna við stöðnun (7)
Skapa fleiri lífvænleg atvinnuumhverfi á Íslandi (fyrir utan höfuðborgarsvæðið) (0)
Aðdráttarafl skapandi fólks og fyrirtækja (4)

Samfélagið í heild, nem, HA og samf, nýtur góðs af því (1)
Gott samstarf milli HA og atvinnulífsins (samf) (0)
Vel hefur tekist að fjármagna ranns. og nýsköpun (3)
Sýnir að meistara- og doktorsnám er öflugt við skólann (9)
HA er eftirsóknarverður kostur til náms og í rannsóknarsamstarfi (7)
Ætla má að HA njóti velvildar á alþjóða vettvangi (2)

Tímamótaniðurstöður í rannsóknum í samstarfi við fyrirtæki á norðurlandi

Tímamóta niðurstöður fela í sér öflugt rannsóknarstarf í HA (6)
Fyrirsögnin gefur til kynna að öflugt samstarf sé milli HA og atvinnulífsins (1)
Fyrirtæki á norðurlandi vísar til þess að HA er að styrkja sitt nærsvæði. Það útilokar þó ekki samstarf við aðra innlenda eða erlenda aðila (1)
Tímamótaniðurstöður í rannsóknum auka líkurnar á því að við HA sé doktorsnám (2)
Þetta þýðir að HA hefur hlotið rannsóknarstyrki úr samkeppnissjóðum og frá atvinnulífinu (5)

Karlur 25% hjúkrunarfræðinema í HA

Okkur hefur tekist það sem engum öðrum mun takast (0)
Til vitnis um framsækna nálgun í kennslu og rannsóknum (4)
Í anda gilda skólans – vottun um skýra langtíma sýn (0)
Háskólinn leiðandi í niðurrifi staðalmynda í þjóðfélaginu – vaxandi von og virðing (6)
Staðfesting á mikilvægi samtals háskóla og samfélags (3)

Í samræmi við gildi háskólans um jafnrétti (2)
Sýnir framsækni innan HA (4)
Aukin aðsókn karla eykur gæði innan deildarinnar (0)
Deildin hefur stækkað, enn meiri eftirspurn eftir hjúkrunarfræði (0)
Bætt ímynd Háskólans á Akureyri (1)

Sú fyrirsögn sem flesta atkvæði fékk var „Kjölfesta í samfélaginu - HA uppspretta nýsköpunar og verðmætaaukningar á svæðinu.“ Voru hóparnir beðnir að ræða og rökstyðja hvað þeir teldu að lægi að baki þessari fyrirsögn. Niðurstöður hópanna voru eftirfarandi:

Kjölfesta í samfélaginu - HA uppspretta nýsköpunar og verðmætaaukningar á svæðinu.

- # Fjármögnun í samræmi við umfang og þarfir skólans
- # Að vinnuumhverfi og starfsaðstaða sé eftirsóknarvert
- # Efla þverfaglegt samstarf innan og utan HA
- # Virkja nærsamfélagið betur í stuðningi við skólann
- # Vera sýnilegri
- # Fjölga starfsmönnum (og ráða starfsmannastjóra)

- # HA nú þegar ákveðin kjölfesta á svæðinu
- # Efling raunvísinda við HA
- # Öflugt framhaldsnám við HA þmt doktorsnám
- # Auknar greiðslur úr samkeppnissjóðum til HA
- # Stóraukið fjármagn á fjárlögum

- # Heimild til að útskrifa doktorsnema
- # Hækkað rekstrarfjármagn
- # Aukið rannsóknarfé – innan fjárveitingar – árangur af um í samkeppnissjóði (innl/erl)
- # Faglega sterkt og ánægt starfsfólk – launakjör – tækifæri til sveigjanleika og frumkvæðis
- # Bætt rannsóknaraðstaða – tæki og búnaður – tölvur
- # Fjölga námskeiðum í framhaldsnámi í HA
- # Aukið samstarf/traust við sveitarfélagið - HVAÐ ÞARF AÐ GERA - Styrkja samstarf milli sviða - Líta á okkur sem eina heild - Eiga markvissa samræðu við samfélagið

- # Tengsl sem eru raunveruleg og sterk við fyrirtæki og stofnanir
- # Námskrá HA (í viðum skilningi) og kennslufræði styður við þetta markmið – sett inn í námsefni
- # Ala nemendur upp til þess að vera virkir þátttakendur í nýsköpun
- # Hafa stað þar sem fólk (inna/utan HA) í nýsköpunarferli getur komið saman, unnið, fengið hugmyndir, stuðning o. sv. frv.
- # HA þarf að vera tilbúinn að breyta. Vera móttækilegur fyrir nýjum leiðum/nálgunum – þarf að gerast innan allra sviða/deilda
- # Starf sem á sér stað nú þegar víða en má útvíkka – t.d. miðstöð skólaþróunar – færa inn í námskrá
- # Hafa rannsóknartengd verkefni

Hvernig komumst við þangað

- # Stigamatskerfið þarf að breytast og einnig umbuna fyrir nýsköpun og samstarf við atvinnulífið
- # Öflugra samstarf við fyrirtæki og stofnanir
- # Doktorsnám við HA – hvatning til rannsókna og nýsköpunar

Styrkja þarf grunnstoðir HA (stjórnsýslu, tækni, mannauð) og skapa svigrúm til að takast á við ný og krefjandi verkefni

Nokkur umræða varð um merkinguna á orðalaginu „að HA væri kjölfesta í samfélaginu“, hvort átt væri við allt landið eða okkar svæði og þá Akureyri eða norðurland.

Rektor þakkaði fundarmönnum góða og gefandi vinnu og sagði niðurstöðu fundarins verða framlag til nýrrar stefnumótunar sem send yrði háskólaráði.

Fundi slitið kl 16

Stefán B. Sigurðsson fundarritari